

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Fimmtudaginn 27. desember 2007 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 13⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Fjárhagsáætlun 2008 – seinni umræða.

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun 2008 til seinni umræðu. Einnig lá fyrir minnisblað um breytingar á tillögu að áætlun frá síðasta fundi.

Umræður um fjárhagsáætlunina.

Tillaga að fjárhagsáætlun var síðan borin upp og samþykkt.

Heildarniðurstaða fjárhagsáætlunar er að rekstrarniðurstaða er jákvæð um 20 milljónir króna. Áætlaðar skatttekjur nema tæpum 230 milljónum og heildartekjur A-hluta eru áætlaðar 339 milljónum og heildartekjur samstæðu tæpar 408 milljónir. Heildargjöld A-hluta eru áætluð 286 milljónir og heildargjöld samstæðu 355 milljónir. Í yfirliti um sjóðstreymi er m.a. gerð áætlun um fjárfestingar og eru samtals fjárfestingar áætlaðar 125,8 milljónir. Þar kemur fram að gert er ráð fyrir að handbært fé lækki um 38,6 milljónir á árinu og verði rúmar 655 milljónir.

Sigríður og Erla lögðu fram svohljóðandi bókun:

“Undirritaðar telja sig ekki geta samþykkt fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun þar sem hvorki hefur fengist samþykki sveitarstjórnar fyrir því að leita hagræðingar í rekstri þrátt fyrir verulegan hallarekstur fyrir fjármagnsliði og heldur er ekki um að ræða að styðja við atvinnuþróun í sveitarfélaginu með ráðningu atvinnufulltrúa þrátt fyrir að fyrir liggi styrkur í verkefni til úrvinnslu, né heldur er um að ræða neinar framkvæmdir í þágu sveitarfélagsins eins og fráveitumál, hafnarmál eða hefja byggingu á sundlaug. Við teljum okkur því ekki fært að greiða atkvæði með þessarri áætlun og segjum því nei”.

Adolf, Birna og Halldór lögðu fram svohljóðandi bókun:

“Vegna bókunar minnihluta viljum við taka fram að minnihluti sveitarstjórnar hefur ekki lagt fram neinar beinar tillögur um hagræðingu í rekstri sveitarfélagsins. Á undanförnum misserum hefur hinsvegar verið unnið markvisst að hagræðingu í rekstri sveitarfélagsins án þess að gengið hafi verið á grunnþjónustuna. Það verður að teljast undarlegur málflutningur að halda því fram að fjármagnsliðir séu ekki eðlilegur þáttur í rekstri sveitarfélagsins. Ítrekað er að samkvæmt fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir 20 milljóna rekstrarafgangi samstæðunnar. Sveitarfélagið er aðili að SSNV atvinnuþróun þar sem 5 starfsmenn sinna málaflöknum og þar höfum við góðan aðgang og stuðning af því starfi. Í fjárhagsáætlun 2008 er gert ráð fyrir fjárfestingum að upphæð 125 milljónir króna. sem er með því mesta sem sveitarfélagið hefur ákveðið fyrr og síðar. Þar er m.a. gert ráð fyrir hönnun á sundlaug fjárfestingum í hitaveitu, atvinnumálum og viðhaldi eigna. Við teljum fjárhagsáætlun 2008 sýni sterka stöðu sveitarsjóðs og jákvæða framtíðarsýn á

uppbyggingu samfélagsins. Okkur þykir miður að minnihlutinn sjái áætlunina ekki í þessu ljósi”.

2. Aðalskipulag sveitarfélagsins

Fyrir fundinum lá greinargerð um vinnuferli og efnistöð vegna gerðar nýs aðalskipulags sveitarfélagsins sem var unnin af Landmótun skv. beiðni sveitarstjóra. Sveitarstjórn ræddi greinargerðina og samþykkti að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við Landmótun um aðalskipulagsgerðina.

3. Lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélög

Fyrir fundinum lá bréf Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. 29. nóvember 2007 þar sem kynnt er ný reglugerð um lögreglusamþykktir sem ráðuneytið hefur sett. Reglugerðinni er ætlað að vera fyrirmynd að lögreglusamþykktum sveitarfélaga en komi í stað þeirra ef ekki er sett sérstök lögreglusamþykkt. Sveitarfélögum er gefin 12 mánaða frestur til að setja sérstaka lögreglusamþykkt. Málið var til kynningar og ákveðið að fara betur yfir hvort ástæða sé til að gera sérstaka lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélagið.

4. Minnisblöð frá íbúafundi

Tekin voru til umfjöllunar minnisblöð sem gerð voru eftir íbúafund 26. nóvember sl. Í minnisblöðunum eru dregin saman þau umfjöllunarefni sem fram komu í hverjum hópi á fundinum. Samþykkt að fela hópstjórum að vinna betur úr minnisblöðunum og að skilgreina í hvaða farveg sé best að setja málin til úrvinnslu.

5. Bréf:

a) Blönduósbæjar v/Héraðsnefndar A-Hún. dags. 14. des. 2007.

Í bréfinu óskar bæjarstjórn svара annarra sveitarfélaga í A-Hún við því hvort þau séu tilbúin til samninga um stofnun byggðasamlags um rekstur Tónlistarskóla A-Hún, Skólaþjónustu A-Hún og Héraðsskjalasafnið.

Afgreiðslu erindisins frestað þar sem ákveðið hefur verið að halda fund samráðsnefndar um héraðsnefndarverkefnið í janúar.

b) Óbyggðanefndar, dags. 26. nóv. 2007.

Í bréfinu er greint frá því að óbyggðanefnd hafi fengið frest til 31. desember 2007 til að lýsa kröfum um þjóðlendur á vestanverðu Norðurlandi. Svæðið sem um ræðir afmarkast af Blöndu í vestri og Fnjóská í austri. Einnig kemur fram í bréfinu hvornig verði staðið að kynningu og málsmeðferð vegna krafna og úrskurða óbyggðanefndar. Málið var til kynningar.

c) Siglingastofnunar v/samgönguáætlunar, dags. 8. nóv. 2007.

Í bréfinu er kynnt breyting á samgönguáætlun 2007-2010. Breytingatillagan gerir ráð fyrir að 23,1 milljóna króna framkvæmd við Skagastrandarhöfn verði frestað til 2010. Málið var til kynningar og vísað til hafnarnefndar.

d) Valdimars Viggóssonar v/merki, dags. 29. nóv. 2007.

Valdimar sendir tillögu að merki fyrir slökkvilið skv. ósk slökkviliðsstjóra. Umræður urðu um málið og samþykkt að fela sveitarstjóra og slökkviliðsstjóra að ganga frá samkomulagi um merkið.

e) Snorraverkefnisins, dags. 9. nóv. 2007.

Með bréfinu er óskað eftir stuðningi við verkefnið sem er samstarfsverkefni Þjóðræknisfélags Íslendinga og Norræna félagsins á Íslandi. Erindinu var hafnað.

f) Heimilisiðnaðarsafnsins, dags. 19. nóv. 2007.

Í bréfinu er óskað eftir að Skagaströnd gerist formlegur aðili að safninu þar sem sveitarfélagið hafi hvort sem er lagt rekstrinum lið í gegnum samstarf innan héraðsnefndar. Samþykkt að fresta ákvörðun um málið á meðan samstarfsverkefni héraðsnefndar eru í óvissu.

g) USAH, 9. nóv. 2007.

Með bréfinu er óskað eftir styrk frá sveitarfélaginu. Með vísan til fjárhagsáætlunar sem var afgreidd undir 1. dagskrárlið fundarins var samþykkt að styrkja USAH um 200 þús. á árinu 2008. Einnig samþykkt að hækka styrk til USAH í 200 þús. kr. á árinu 2007.

6. Fundargerðir

a) Fræðslunefndar, 12. des. 2007.

Fundargerðin var samþykkt.

b) Tómstunda- og menningarmálanefndar, 19. okt. 2007.

Fundargerðin var samþykkt.

c) Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra, 4.12.2007.

Fundargerðin var til kynningar.

d) Stjórnar SSNV, 23.10.2007.

Fundargerðin var til kynningar.

e) Stjórnar SSNV, 28.11.2007.

Fundargerðin var til kynningar.

f) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 14.12.2007.

Fundargerðin var til kynningar.

g) Samráðsfundar fámennra sveitarfélaga, 17.12.2007.

Fundargerðin var til kynningar.

7. Önnur mál

Sigríður og Erla lögðu fram svohljóðandi fyrirspurn:

Sveitarstjórn Skagastrandar
Fundargerðir

Á hreppsnefndarfundum 12. júní sl. voru samþykkt drög að samningi við Íslensk almannatengsl til þriggja mánaða að verðmæti 750 þús. Greiddar hafa verið til fyrirtækisins 2,3 milljónir. Undirritaðar óska skýringar á fyrrgreiddum greiðslum.

Sveitarstjóri lýsti því að það kunni að hafa verið ákveðin misskilningur í að samningstíminn hafi verið ætlaður til þriggja mánaða en ekki sex mánaða eins og niðurstaða hafi orðið. Hins vegar hafi stærstur hluti kostnaðarins fallið til innan þess þriggja mánaða tíma sem til umfjöllunar hafi verið og samningsgerðin hafi fyrst og fremst snúist um að ákveðinni vinnu verði beint til fyrirtækisins í kynningarmálum gegn afslætti af útseldri vinnu. Sveitarstjóri sagði öll gögn liggja fyrir um hvað hafi verið unnið á hverjum tíma og sveitarstjórnarmenn muni fá þau send til skýringa á þeim kostnaði sem fallið hafi til vegna kynningarmála og auglýsingagerðar. Hann greindi einnig frá því að samningnum hafi verið slitið í október þegar verkefni fóru minnkandi.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 17⁰⁵

Adolf H. Berndsen
(sign)

Sigríður Gestsdóttir
(sign)

Halldór Ólafsson
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)

Erla Jónsdóttir
(sign)

Magnús B. Jónsson
(sign)